



Tilkynning um kæru nr_ 158_2024_ stjórnvald_

Búið til	14.11.2024 10:19:56
Höfundur	Anna María Arnardóttir
Móttekið dags.	14.11.2024 09:59:42
Tilheyrir	USK24110169 - Kæra nr. 158/ 2024 - Miklabraut 101 - Led auglýsingaskilti

Efni

Tilkynning um kæru nr_ 158_2024_ stjórnvald_

Upplýsingar

Vinnsla

Móttekið dags.	14.11.2024 09:59:42	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Málalykill	09.05.04 Götugögn		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA (uua@uua.is)
Til	usk@reykjavik.is
Cc	

Innihald

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnslukæru, móttækin 13. nóvember 2024 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkur dagsett 15. október 2024 vegna álagningu dagsekta vegna LED-auglýsingaskiltis staðsett á lóð 101 við Miklubraut.

Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða og er stjórnvaldi jafnframt gefið kostur á að skila umsögn í málinu **innan 15 daga frá dagsetningu þessarar tilkynningar**, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju,

f.h. nefndarinnar

Ólöf Harðardóttir, skrifstofumaður ; ** **; **&nb**
sp; ; ** **; ** **; ** **; ** **
Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 5758710
www.uua.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður og samgöngumáti er valinn.
Please consider the environment before printing and choosing transport.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála

sent rafrænt á uuu@uuu.is



Reykjavík, 13. nóvember 2024

Efni: Kæra á ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkur, dags. 15. október 2024

Til Réttar hefur leitað Lónseyri ehf., kt. 590214-1830, Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík (hér eftir „**umbjóðandi minn**“ eða „**kærandi**“) (fskj. 1) vegna álagningu dagsekta vegna LED-auglýsingaskiltis sem staðsett er á lóð nr. nr. 101 við Miklubraut í Reykjavík. Vísað er til ákvörðunar, dags. 15. október sl., frá byggingarfulltrúanum í Reykjavík, vegna framangreindrar álagningar dagsekta (fskj. 2). Dagsektirnar byggjast á kröfu byggingarfulltrúa um að fjarlægja og slökkva á skiltinu sem kært var til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 12. apríl 2024, en úrskurðarnefndin staðfesti með úrskurði nr. 45/2024 ákvörðun byggingarfulltrúa frá 8. mars 2024.

Umbjóðandi minn móttók ákvörðun byggingarfulltrúa þann 15. október sl. Er kæra þessa því lögð inn til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan mánaðar frá því að umbjóðendum mínum varð kunnugt um hina kæránlegu ákvörðun skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála.

Um kæruehimild vísast til 59. gr. laga nr. 160/2010.

Kröfur kæranda

Kærandi krefjast þess að felld verði úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkur, dags. 15. október 2024, um að leggja kr. 150.000 dagsektir á kæranda fyrir hvern þann dag sem það dregst að verða við kröfum byggingarfulltrúa um að slökkt verði á skiltinu og það fjarlægt af lóð nr. 101 við Miklubraut.

Málsatvik og málsástæður kæranda

I.

LED-auglýsingaskiltið, sem staðsett er á lóð nr. 101 við Miklubraut (hér eftir „**lóðin**“), er rekið af og í eigu LED Birtinga ehf. Á lóðinni er þjónustustöð þar sem meðal annars er eldsneytissala á vegum Orkunnar og apótek Lyfjavals. Í lok árs 2021 keypti Kaldalón hf., dótturfélag Orkunnar ehf., lóðina af Skeljungu ehf. Við kaupin var gerður langtímaleigusamningur á milli kaupanda lóðarinnar og Orkunnar ehf. um afnot af lóðinni. Í kjölfarið á þeim kaupum leigði LED Birtingar ehf. vegg sem staðsettur er á lóðinni og skipti þar út eldra auglýsingaskilti fyrir nýrra og umhverfisvænna LED-auglýsingaskilti (hér eftir „**auglýsingaskiltið**“). Kærandi, Lónseyri ehf., dótturfélag Kaldalón hf., er skráður eigandi lóðarinnar. Áform byggingarfulltrúa í upphafi var að

beina kröfum sínum um að fjarlægja skiltið að Orkunni ehf., þó svo að Orkan eigi hvorki lóðina né umrætt auglýsingaskilti sem stendur á lóðinni. Byggingarfulltrúi tók málið til endurskoðunar, eftir að LED Birtingar ehf. upplýsti byggingarfulltrúa um að hann væri umráðamaður og eigandi auglýsingaskiltisins. Þrátt fyrir þá ábendingu hefur byggingarfulltrúi beint kröfum sínum um álagningu dagsekta að kæranda, Lónseyri ehf. Þó þannig að Halldóra Brandsdóttir, framkvæmdarstjóri LED Birtingar ehf., er höfð með í samskiptum sem orðið hafa í tengslum við álagningu dagsekta, sbr. nánari umfjöllun síðar. Var það gert að fyrri bragði Reykjavíkurborgar.

Auglýsingaskiltið er með öllu óviðkomandi kæranda og hafa þeir ekkert með skiltið að gera, þó að að skiltið sé staðsett á lóð sem félagið keypti fyrir fáeinum árum. Orkan ehf. (leigutaki) er með leigusamning við Lónseyri ehf. um afnot af lóðinni og LED Birtingar ehf. er eigandi og umráðamaður auglýsingaskiltisins og er Orkan ehf. þeirra leigusali.

Þá er rétt að taka það fram að ákvörðun byggingarfulltrúa, dags. 8. mars 2024 (fskj. 4) um að fjarlægja og slökkva á skiltinu var einnig kærð til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála af kæranda í sameiningu við Led Birtingar ehf., dags. 15. apríl 2024, sökum þess að þeir töldu sig vera í góðri trú með það að skiltið væri ekki byggingarleyfisskilt. Það skal þó sérstaklega tekið fram að sú kæra, eða undanfari hennar, fjallaði með engu móti um „áform“ byggingarfulltrúa um að leggja á dagsektir, líkt og það er orðað í ákvörðuninni 8. mars sl. enda taldi kærandi á þeim tíma að ekki myndi koma til þeirra, sbr. nánari umfjöllun síðar.

II.

Umbjóðandi minn byggir á því að byggingarfulltrúi sé ekki að beina kröfum sínum um álagningu dagsekta að réttum aðila, þ.e. Lónseyri ehf. sem eiganda lóðarinnar sem umrætt auglýsingaskilti stendur á. Í 2. mgr. 56. gr. laga um mannvirki kemur fram að heimilt sé að beita dagsektum til að knýja menn til þeirra verka sem þau skulu hlutast til um samkvæmt lögnum eða reglugerðum. Í niðurstöðu ÚUA í fyrri máli nr. 45/2024 komst nefndin að þeirri niðurstöðu að lóðarhafi bæri ábyrgð á ásigkomulagi og frágangi lóðarinnar og því hafi verið rétt að beina kröfum til Lónseyri ehf. um að fjarlægja og slökkva á skiltinu. Það eitt og sér þýðir ekki endilega, með sömu rökum, að lóðarhafa beri að ábyrgjast sektir vegna þeirra. Í 2. mgr. 56. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 kemur meðal annars fram að byggingarfulltrúa er heimilt að beita dagsektum til að knýja menn til þeirra verka sem þau skulu hlutast til um samkvæmt lögnum. Með vísan til orðalags lagaákvæðisins og þeirrar staðreyndar að þar komi ekki fram hver það er nákvæmlega sem eigi að greiða dagsektir samkvæmt lögnum, byggir kærandi á því að hann, sem hefur ekkert með skiltið að gera, hvorki eigandi þess né umráðamaður, getur ekki borið ábyrgð á því að greiða dagsektir vegna þess eins að skiltið er staðsett á lóð í þeirra eigu. Eins og áður hefur komið fram er Led Birtingar ehf., eigandi og umráðamaður skiltisins, í leigusambandi við Orkuna vegna skiltisins og kemur skiltið Lónseyri ehf. ekkert við. Þetta verður einnig að skoðast í því ljósi að byggingarfulltrúi hefur verið í samskiptum vegna málsins við fyrirsvarsmann Led Birtinga ehf., Halldóru Brandsdóttur (fskj. 3), þannig að ekki verður annað séð en að álagning dagsekta, og ábyrgðin að verða við kröfum byggingarfulltrúa um að fjarlægja og slökkva á skiltinu, beinast raunar að Led Birtingum ehf. en ekki kæranda, þrátt fyrir að

Ákvörðunin sé tilvísuð á kæranda. Ber, hvað þetta varðar, helst að nefna að byggingarfulltrúi sendi með tölvupósti, dags. 20. september sl., tilkynningu til Led Birtingar ehf. um að ákvörðun um að slökkva á og fjarlægja skiltið standi óbreytt (sjá staðfestingu þess efnis á fskj. 3), slíkt bréf/tölvupóst fékk kærandi ekki. Í öllu falli er það að minnsta kosti ekki ljóst hver það er sem eigi að greiða dagsektirnar og/eða verða við kröfum byggingarfulltrúa. Er þessi framkvæmd byggingarfulltrúa á ákvörðun um álagningu dagsekta til þess fallinn að valda ruglingi í andstöðu við grundvallarreglu stjórnsluréttar um að íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun, líkt og álagning dagsekta er, sé svo ákveðin og skýr að aðilar máls geti gert grein fyrir efni hennar sem og réttarstöðu sinni. Framkvæmd byggingarfulltrúa á ákvörðuninni 15. október sl. er þvert á móti ákveðin og skýr enda hefur byggingarfulltrúi beint kröfu um fjarlægingu skiltisins og álagningu dagsekta að Led Birtingum ehf. með því að vera í samskiptum við Led Birtingar ehf. vegna málsins (fskj. 3) og gera einungis Led Birtingum ehf. grein fyrir því að krafa þeirra um að slökkva og fjarlægja skiltið standist óbreytt. Þessu til stuðnings vísast í niðurstöðu ÚUA í máli nr. 24/2016 þar sem nefndin komst að þeirri niðurstöðu að fella eigi ákvörðun um álagningu dagsekta úr gildi sökum þess að það var á reyki hverjum krafan beindist að, sem er nákvæmlega sú staða sem er uppi í þessu máli.

Af framansögðu leiðir að kærandi, sem lóðareigandi, ber ekki að greiða dagsektir vegna skiltisins og með réttu hefði byggingarfulltrúi átt að beina ákvörðun sinni um dagsektir að Led Birtingum ehf., sem er eigandi skiltisins og ber alla ábyrgð á því, en ekki Lónseyris ehf. Byggingarfulltrúi virðist raunar ganga út frá því að Led Birtingar ehf. eigi að greiða dagsektirnar og bera ábyrgð á því að slökkt verði á skiltinu og það fjarlægt, sbr. framangreind umfjöllun, en ákvörðunin er samt sem áður tilvísuð á Lónseyri ehf. Þetta er í öllu falli í andstöðu við skýrleikareglu stjórnsluréttar og er ákvörðunin haldin verulegum annmörkum hvað skýrleika varðar. Þar að auki getur það enda ekki staðist að byggingarfulltrúi geti lagt á dagsektir vegna skiltis á kæranda sem hann hefur engin umráð yfir. Þegar af þeirri ástæðu ber að fella ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkur, dags. 15. október 2024, úr gildi.

III.

Verði ekki fallist á framangreint er byggt á eftirfarandi.

Um dagsektir er fjallað í 56. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki. Þar kemur fram í 2. mgr. að byggingarfulltrúa sé heimilt að beita dagsektum allt að 500.000 kr. til að knýja menn til þeirra verka sem þau skuli hlutast til um samkvæmt lögum og reglugerðum, eða láta af ólögmetu atferli. Í ákvörðun byggingarfulltrúa, dags. 15. október (fskj. 2) var, eins og fyrr segir, kæranda, tilkynnt um að lagðar verði á dagsektir frá 16. október sl. að fjárhæð kr. 150.000 fyrir hvern dag sem það dregst að verða við kröfum byggingarfulltrúa frá 8. mars sl.

Kærandi byggir á því að ekki hafi verið gætt að reglum stjórnsluréttar við töku ákvörðunarinnar. Það að auki telja þeir upphæðina úr öllu hófi.

Í *fyrsta* lagi er, í ákvörðun byggingarfulltrúa um álagningu dagsekta frá 15. október sl., ekki færður fram neinn rökstuðningur fyrir upphæð dagsektanna og fer slíkt gegn reglum stjórnsluréttarins um að allar íþyngjandi ákvarðanir beri að rökstyðja. Hvergi er að finna rök

fyrir því hvers vegna 150.000 kr. dagsektir hafi verið lagðar á eða til hvers var litið við ákvörðun fjárhæðarinnar. Verður ekki betur séð en að fjárhæðin hafi verið valin með handahófskenndum hætti. Slíkan rökstuðningur er heldur ekki að finna í ákvörðuninni frá 8. mars sl. enda kom þar einungis fram að byggingarfulltrúi „áformar“ að leggja á 150.000 kr. dagsektir fyrir hvern þann dag sem það kynni að dragast að ljúka þeim kröfum sem settar voru þar fram. Með réttu hefði því átt að liggja fyrir þann 8. mars sl., þegar fram kom í ákvörðun byggingarfulltrúa að hann áformi að leggja á dagsektir, rökstuðningur fyrir því hvers vegna hann telji 150.000 kr. dagsektir hæfilegar og hvernig sú fjárhæð standist meðalhóf. Það var ekki gert og hefur raunar aldrei verið gert, hvorki í ákvörðuninni 8. mars sl. (fskj. 4) né hinni kærðu ákvörðun frá 15. október sl. (fskj. 2). Þegar taka á ákvarðanir sem fela í sér íþyngjandi þvingunarúrræði, líkt og að leggja á háar dagsektir ber stjórnvaldi að rökstyðja þá ákvörðun og greina frá því til hvaða atriða var litið, þá sérstaklega þegar um svo háa fjárhæð er að ræða, líkt og raun ber vitni. Því er ekki til að dreifa í ákvörðun byggingarfulltrúa og er ákvörðunin því byggð á ómálefnalegum sjónarmiðum. Hefur framangreint einnig þær afleiðingar fyrir kæranda að hann geti tekið til varna með viðunandi hætti í kæru þessari, enda skortir allar forsendur fyrir ákvörðun byggingarfulltrúa.

Í öðru lagi er ekki horft til meðalhófsreglu stjórnvísingurinnar við töku ákvörðunarinnar enda ef fallist verður á ákvörðun byggingarfulltrúa er verið að leggja dagsektir á kæranda sem nema u.þ.b. 4.500.000 kr. á mánuði (150.000 kr. á dag), sem eru gífurlegar fjárhæðir fyrir hvern þann sem þarf að sæta slíkum þvingunarúrræðum. Þetta er í öllu falli of há fjárhæð sérstaklega vegna þess að enginn rökstuðningur er að baki fjárhæðinni, sbr. fyrri umfjöllun. Tekið er fram í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að mannvirkjalögum að eðlilegt sé að ákvörðun um beitingu þvingunarúrræða sé metin í hverju tilviki, m.a. með tilliti til meðalhófs. Við mat á því hvort beita eigi dagsektum er viðurkennt að litið er til ýmissa sjónarmiða svo sem hversu íþyngjandi aðgerða er krafist af þeim sem úrræðin beinast að, hvort og með hvaða hætti þeir tengjast meintum lögbrotum og hversu langur tími er liðinn frá atburði þar til ætlunin er að grípa til aðgerða af hálfu stjórnvalda. Byggingarfulltrúi virðist ekki hafa litið til neinna af þessum sjónarmiðum enda stóð til að beita dagsektum upp á 150.000 kr. á dag allt frá fyrsta bréfi byggingarfulltrúa þann 8. mars sl. (fskj. 4). Því hafði frá þeim degi átt að liggja fyrir rökstuðningur fyrir fjárhæð dagsektanna og hvernig sú fjárhæð samrýmist reglum um meðalhóf, það var ekki gert. Í hinni kærðu ákvörðun frá 15. október sl. hefur heldur ekki verið rökstutt með neinum hætti hvers vegna dagsektirnar séu svona háar eða yfir höfuð rökstuðningur um það til hvaða sjónarmiða byggingarfulltrúi leit við töku ákvörðunarinnar. Staðreyndin er einfaldlega sú að handahófskennd upphæð dagsekta var sett fram í kröfum byggingarfulltrúa, sem eru alltof háar og gætir byggingarfulltrúi ekki með nokkru móti meðalhófs við töku ákvörðunarinnar. Þessu til stuðnings vísar kærandi m.a. til máls ÚUA nr. 70/2023 þar sem nefndin komst að þeirri niðurstöðu að fella úr gildi álagningu dagsekta sökum þess að ekki hafi verið gætt meðalhófs við undirbúning ákvörðunar. Ólíkt þessu máli þá var þó vísað til stærðar félagsins sem rök fyrir fjárhæð dagsektanna í því máli en nefndin taldi það, án frekari útskýringar leiða til þess að meðalhófs hafi ekki verið gætt. Í þessu máli sem hér er til umfjöllunar liggja engar skýringar á bakvið fjárhæð dagsektanna fyrir og því ljóst að meðalhófs hafi ekki verið gætt.

Af skoðun mála sem varðar álagningu dagsekta og hafa ratað til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála má sjá að dagsektir upp á 150.000 kr. á dag eru með þeim hæstu, ef ekki þær hæstu, sem lagðar hafa verið á, á grundvelli 2. mgr. 56. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og því er eðlilegt að á baki slíkri ákvörðun sé gerð grein fyrir því til hvaða atriða er litið, svo hægt sé að fullyrða að meðalhófs hafi verið gætt. Má meðal annars vísa til máls ÚUA nr. 80/2024, þar sem málavextir voru sambærilegir þessu máli en dagsektir í því máli voru ákvarðaðir 50.000 kr. Í ljósi framangreinds er um brot á meðalhófi að ræða við töku ákvörðunarinnar sem leiða á til ógildingar hennar. Með sömu rökum og hér að framan byggir kærandi einnig á því að jafnræðis hafi ekki verið gætt við töku ákvörðunarinnar, enda verður ekki séð að svona háar fjárhæðir hafi verið lagðar á aðra menn sem knúnir hafa verið til framkvæmda með álagningu dagsekta á grundvelli 2. mgr. 56. gr. mannvirkjalaga.

Í þriðja lagi var kæranda ekki veittur andmælaréttur áður en hin kærða ákvörðun var tekin, líkt og stjórnvaldinu ber að veita skv. 13. gr. stjórnáskilgáttalaga nr. 37/1993. Samkvæmt 13. gr. stjórnáskilgáttalaga nr. 37/1993 um andmælarétt skal aðili máls eiga þess kost að tjá sig um efni þess áður en ákvörðun er tekin í því, enda liggja ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni. Þar að auki kemur fram í leiðbeiningum HMS með gr. 2.9.2. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, sem hin kærða ákvörðun byggir á, að þegar byggingarfulltrúi þarf að grípa til þvingunarúrræða skal hann gefa aðilum málsins kost á því að koma að sínum sjónarmiðum. Ekki er hægt að fella rétt kæranda til andmæla undir fyrri ákvörðun, dags. 8. mars 2024, líkt og byggingarfulltrúi virðist gera í hinni kærðu ákvörðun, enda kom þar einungis fram að byggingarfulltrúi hafði þau „áform“ að leggja á dagsektir en engar aðrar forsendur né rök gefin fyrir þeirri afstöðu. Í því felst eðli málsins samkvæmt engin ákvörðun hvað álagningu dagsekta varðar heldur einungis möguleiki á því að byggingarfulltrúi kunni, eftir atvikum, að leggja á dagsektir. Andmælin sem kærandi sendi inn til byggingarfulltrúa, vegna ákvörðunarinnar frá 8. mars sl., snérist þar að auki að engu leyti um álagningu dagsekta eða fjárhæð þeirra, enda enginn rökstuðningur eða forsendur í ákvörðuninni 8. mars sem gaf kæranda ástæðu til þess að fjalla sérstaklega um dagsektirnar. Enda snérist ákvörðunin þann 8. mars ekki um álagningu dagsekta heldur einungis um það að kæranda var gert að fjarlægja og slökkva á skiltinu, voru andmæli kæranda í takt við þá ákvörðun en ekki um ákvörðun sem hugsanlega yrði tekin í framtíðinni. Líkt og fram kom í málalýðuninni kæranda í máli ÚUA nr. 45/2024 stóð hann í þeirri meiningu að skiltið væri ekki byggingarleyfisskyt og að hann væri í góðri trú með uppsetningu skiltisins, m.a. vegna fyrri skiltis sem stóð á sama stað í fjölda ára, athugasemdalaust. Þá laut málalýðunin kæranda í því máli ekki að nokkru leyti að álagningu dagsekta, eins og fyrr segir. Því liggja ekki fyrir sjónarmið kæranda hvað álagningu dagsekta og fjárhæð þeirra varðar í gögnum málsins.

Þegar niðurstaða úrskurðarnefndar kom um að skiltið væri leyfisskyt hefði byggingarfulltrúi með réttu átt að gefa út ákvörðun um álagningu dagsekta, sem hann gerði, og í leiðinni veita kæranda rétt til andmæla, líkt og lögbundin skylda er til. Gefa þannig kæranda rétt á að tjá sig um dagsektirnar og fjárhæð þeirra og þær nýju upplýsingar sem úrskurður ÚUA nr. 45/2024 varpaði á málið, sérstaklega í ljósi þess að úrskurðurinn var kæranda í óhag. Raunar bjóst

kærandi einfaldlega við því að frekari rökstuðningur um álagningu dagsekta og fjárhæð þeirra myndi berast ef byggingarfulltrúi myndi ákveða að leggja þær á, sbr. orðalagið í ákvörðuninni 8. mars 2024 um að ef ekki yrði við kröfum innan setts tímafrests „áformar byggingarfulltrúi að leggja á dagsektir“ (fskj. 4). Það var ekki gert og fékk kærandi því hvorki rökstuðning fyrir ákvörðun um álagningu dagsektanna eða fjárhæð þeirra, sbr. fyrri umfjöllun, né rétt til andmæla vegna ákvörðunar um dagsektir sem byggingarfulltrúi sendi kæranda, dags. 15. október sl. Þá ber að taka það fram að undantekningar frá andmælareglu 13. gr. stjórnarsýslulaga eiga ekki við í þessu tilviki. Þegar og af þeirri ástæðu ber að ógilda hina kærðu ákvörðun.

Í ljósi alls framangreinds braut byggingarfulltrúi á reglum stjórnarsýsluréttarins við töku hinnar kærðu ákvörðunar um álagningu dagsekta og fjárhæð þeirra. Ber því að ógilda ákvörðunina af þeim sökum enda liggur enginn rökstuðningur að baki ákvörðuninni, ekki var gætt að meðalhófi né jafnræði við töku ákvörðunarinnar. Þá var kæranda heldur ekki veittur réttur til andmæla vegna hinnar kærðu ákvörðunar, dags. 15. október 2024.

IV.

Í ljósi alls framangreinds ber að ógilda ákvörðun byggingarfulltrúa, dags. 15. október 2024.

Áskilnaður

Áskilinn er réttur til þess að leggja fram frekari gögn ef nefndin óskar þess. Einnig er áskilinn réttur til andmæla vegna sjónarmiða sem kunna að koma fram undir rekstri málsins.

Virðingarfyllst,


Arnar Gauti Grettisson, lögmaður

Fylgiskjöl:

Fskj. 1 – Umboð.

Fskj. 2 – Ákvörðun byggingarfulltrúa, dags. 15. október 2024.

Fskj. 3 – Samskipti byggingarfulltrúa við undirritaðan lögmann og fyrirsvarsmann Led Birtinga ehf.

Fskj. 4 – Ákvörðun byggingarfulltrúa, dags. 8. mars 2024.

Fylgiskjal nr.

1



UMBOÐ

Ég undirritaður, Högni Hjálmtýr Kristjánsson, kt. [REDACTED], framkvæmdarstjóri rekstrar hjá Kaldalón hf. staðfesti hér með að Sigurður Örn Hilmarsson og löglærðir fulltrúar hans á Rétti - Aðalsteinsson & Partners ehf., Klapparstíg 25-27, hafa hér með fullt og ótakmarkað umboð til að gæta réttar Kaldalón hf./Lónseyri ehf. í tengslum við eftirfarandi:

Hagsmunagæsla vegna skiltis sem staðsett er á lóð nr. 101 við Miklubraut

Skal allt sem nefndir lögmenn gera í þessu sambandi vera jafngilt og ég sjálfur hefði gert.

Reykjavík, 26. mars 2024

Rafrænt undirritað:



Undirritað af:
Högni Hjálmtýr
Kristjánsson
[REDACTED]
Dags: 26.03.2024
Tími: 14:19:12
Ástæða: Samþykkt
Sigmet ID: 61c68aed-c1f9-
4884-b0b0-85215e5038d5



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Reykjavík, 17. desember 2024
USK24110169

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar í máli nr. 158/2024, vegna kæru, þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík að leggja á dagsektir vegna Led-skiltis á Miklubraut

Málavextir

Þann 8. mars 2024 sendi embætti byggingarfulltrúans í Reykjavík kæranda bréf þar sem efni þess var Miklabraut 101- Stafrænt auglýsingarskilti án byggingarleyfis. Í bréfinu kom fram að veittur var 30 daga frestur til að fjarlægja stafræna skiltið af lóð nr. 101 við Miklubraut og tilkynna verklok til deildar afnota- og eftirlits. Jafnframt var gerð sú krafa að slökkt yrði á skiltinu án tafar frá móttöku bréfsins.

Kærandi kærði þá ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 8. mars 2024 um að slökkt verði á Led- auglýsingarskilti á lóð nr. 101 við Miklubraut og það fjarlæggt að viðlögðum dagsektum. Úrskurðarnefndin birti úrskurð nr. 45/2024 þann 30. ágúst 2024 og hafnaði kröfum kæranda um ógildingu ákvörðunarinnar og taldi að rétt væri að dagsektir sem kynnu að hafa verið lagðar á til og með uppkvaðningu úrskurðarins yrðu felldar niður.

Þann 17. september 2024 sendi starfsmaður byggingarfulltrúans í Reykjavík tölvupóst til Arnars Gauta Grettissonar lögmanns kæranda. Efni póstsins var meðal annars að ítreka kröfur sem fram komu í bréfi þann 8. mars. 2024 og áform um dagsektir að upphæð 150.000 kr. fyrir hvern þann dag sem það kynni að dragast að ljúka verkinu. Jafnframt var tilkynnt að næstu skref byggingarfulltrúa væru álagning dagsekta til að knýja á um að skiltið yrði fjarlæggt.

Þann 26. september 2024 sendi starfsmaður byggingarfulltrúans í Reykjavík tölvupóst til Arnars Gauta Grettissonar lögmanns kæranda. Efni póstsins var tilkynning um að byggingarfulltrúi hafi ákveðið að veita Lónseyri ehf. 14 daga lokafrest frá móttöku tölvupóstsins til þess að verða við kröfunni um að fjarlægja Led- auglýsingaskilti af lóð nr. 101 við Miklubraut. Í tölvupóstinum kom jafnframt fram að ef kærandi yrði ekki við kröfunni innan setts tímafrests muni byggingarfulltrúi leggja á dagsektir 150.000 kr. fyrir hvern þann dag sem það kann að dragast að ljúka verkinu.



Þann 30. september 2024 sendi starfsmaður byggingarfulltrúans í Reykjavík tölvupóst til Arnars Gauta Grettissonar lögmanns kæranda. Efni póstsins var ítrekun á fyrri pósti sem sendur var 26. september og beiðni um móttöku póstsins.

Þann 15. október 2024 sendi embætti byggingarfulltrúans í Reykjavík kæranda bréf þar sem efni bréfsins var Miklubraut 101- Tilkynning um álagningu dagsekta. Í bréfinu kom fram tilkynning um ákvörðun um að leggja á Lónseyri ehf. dagsektir kr. 150.000 fyrir hvern þann dag sem það dregst að verða við kröfum byggingarfulltrúa um að slökkt verði á skiltinu og það fjarlæggt af lóð nr. 101 við Miklubraut. Jafnframt kom fram að dagsektir verði innheimtar frá og með 16. október 2024.

Kröfugerð

Reykjavíkurborg krefst þess að öllum kröfum kæranda verði hafnað og að nefndin staðfesti álagningu dagsekta frá og með 16. október 2024 þar sem kæra frestar ekki réttaráhrifum.

Afstaða Reykjavíkurborgar

Ákvörðun beint að réttum aðila

Í 2. mgr. 56. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og 2. mgr. gr. 2.9.2. í byggingarreglugerð nr. 112/2012 er fjallað um heimild byggingarfulltrúa til álagningar dagsekta. Þar er ekki tilgreint með beinum hætti að hverjum dagsektirnar skuli beinast. Hins vegar segir í 1. mgr. gr. 2.9.2. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 að eiganda eða umráðamanni eignar skuli gert viðvart eða lagt fyrir hann að bæta úr því sem áfátt er. Í leiðbeiningum sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur gefið út um gr. 2.9.2. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 kemur fram að dagsektir ættu almennt að beinast að eiganda mannvirkis og hugsanlega í einhverjum tilvikum umráðamanni. Úrskurðarnefndin hefur jafnframt þegar tekið afstöðu til þessarar málsástæðu í fyrri úrskurði sínum nr. 45/2024 en þar segir nefndin að byggingarfulltrúa hafi verið heimilt að beina kröfum sínum að eiganda lóðarinnar þar sem umdeilt skilti stendur.

Í kæru kemur fram að kærandi telji að kröfum eigi að vera beint að Led Birtingu ehf. og rekur kærandi þar að byggingarfulltrúi hafi sent tilkynningu þann 20. september sl. til Led Birtingar ehf. um að ákvörðun standi óbreytt jafnframt heldur kærandi því fram að honum hafi ekki borist slíkt bréf. Kæranda barst hins vegar slíkt bréf í tvígang líkt og rakið er í málavaxtalýsingunni hér að framan. Sú tilkynning sem kærandi vísar til kemur í kjölfar samskipta Led Birtingar ehf. við embætti byggingarfulltrúa þar sem Led Birtingar ehf. óskuðu eftir því að embættið kæmi til móts við félagið til þess að lendingin yrði sem mýkst fyrir félagið. Hér er



vísað til tölvupóstssamskipta milli byggingarfulltrúa og forsvarsmanns Led Birtingar ehf. en ekki er um að ræða eiginlega tilkynningu embættisins.

Ákvarðanir byggingarfulltrúa, annars vegar frá 8. mars 2024 um að gera kæranda að fjarlægja skiltið og hins vegar frá 15. október 2024 um álagningu dagsekta, hafa beinst að Lónseyri ehf. sem er réttur aðili máls, sbr. úrskurð nr. 45/2024. Því verður ekki annað séð en að ákvarðanir byggingarfulltrúa og að hverjum þær beinast séu í samræmi við skýrleikareglu stjórnsluréttar.

Af framansögðu verður ekki annað séð en að byggingarfulltrúi hafi beint ákvörðun sinni um álagningu dagsekta að réttum aðila.

Upphæð dagsekta

Kærandi heldur því fram í kæru sinni að rökstuðning skorti fyrir upphæð álagðra dagsekta. Kærandi hefur hins vegar ekki óskað eftir slíkum rökstuðningi sbr. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Í 1. mgr. ákvæðisins kemur fram að aðili getur krafist þess að stjórnvald rökstyðji ákvörðun sína skriflega hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Í 3. mgr. ákvæðisins kemur jafnframt fram að beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skuli bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því að hún barst.

Í 2. mgr. 56. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 er fjallað um heimild byggingarfulltrúa til að leggja á dagsektir, en þar kemur jafnframt fram að honum sé heimilt að beita dagsektum allt að 500.000 kr. til að knýja menn til þeirra verka sem þau skulu hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum, eða láta af ólögum atferli. Byggingarfulltrúi metur það hverju sinni hver sé eðlileg upphæð dagsekta m.t.t. aðstæðna í hverju máli. Upphæð dagsekta, 150.000 kr. að undangengnum frestum og aðvörunum í rúmlega 7 mánuði (frá ákvörðun 8. mars sl. til ákvörðunar frá 15. október sl.) þykir eins og málum er hér háttað bæði eðlileg og sanngjörn.

Í umsögn Reykjavíkurborgar frá 21. maí 2024 vegna kæru nr. 45/2024 kemur meðal annars fram rökstuðningur fyrir upphæð dagsekta, en þar segir:

Upphæð dagsekta verður hvert sinn að vera slík að álagning þeirra skili tilætluðum árangri. Í þessu tilfalli metur byggingarfulltrúinn í Reykjavík stöðuna þannig að LED skiltið sem um er deilt valdi almannahættu vegna nálægðar við umferðarmannvirki og því sé mikilvægt að slökkt sé á skiltinu sem fyrst og það verði tekið niður. Í ljósi þess að sektarþoli er stöndugt fyrirtæki, en ekki t.a.m. einstaklingur, þá valdi byggingarfulltrúi að beita



hærri dagsektum en ella. Hins vegar skal bent á að upphæðin er fjarri því nálægt hámarkinu og því metin hófleg.

Rétt þykir að benda á að kærandi hafði þess kost að koma að andmælum við þessum röksemdum í viðbótarathugasemdum sem hann skilaði inn vegna kæru nr. 45/2024. Eins og fram kemur í rökstuðningi Reykjavíkurborgar frá 21. maí 2024 þá hefur byggingarfulltrúi meðal annars litið til almannahættu vegna nálægðar Led skiltisins við umferðarmannvirki. Í ábendingu sem barst frá Vegagerðinni þann 9. febrúar 2024 vegna Led skiltisins koma fram áhyggjur vegna stærðar og staðsetningu skiltisins, en það snýr að Vesturlandsvegi/Miklubraut og vísar að veginum á þann hátt að ökumenn þurfa að snúa sér í 180 gráður til að sjá á skiltið áður en komið er að einum slyshæstu gatnamótum landsins, skv. greiningum Samgöngustofu. Þess ber að geta að hið umdeilda skilti stendur við Miklubraut og telst það vera stofnvegur og er í flokki þjóðvega skv. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007. Samkvæmt 13. gr. laganna er Vegagerðin veghaldari þjóðvega og þar með talið Miklubrautar. Í 90. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 kemur fram að spjöld, auglýsingar, ljósaskilti eða sambærilegan búnað megi eigi setja á eða við veg þannig að honum sé beint að umferð nema með heimild veghaldara. Með vísan til fyrrgreindrar ábendingar Vegagerðarinnar frá 9. febrúar 2024 liggur ekki fyrir samþykki fyrir skiltinu.

Umrætt Led- skilti stendur í mikilli nálægð við ein af slyshæstu gatnamót landsins sbr. ábendingu frá Vegagerðinni og því ljóst að af skiltinu stafi öryggis- og almannahætta. Í kæru kæranda vísar hann til úrskurnar nefndarinnar nr. 80/2024 þar sem ákvarðaðar voru dagsektir uppá 50.000 kr. rétt þykir að benda á að í það mál var rekið í öðru sveitarfélagi og þar af leiðandi af öðrum byggingarfulltrúa. Einnig stendur það skilti við Digranesveg sem fellur í flokk sveitarfélagavega sbr. 9. gr. vegalaga nr. 80/2007 en hið umdeilda skilti er kæra þessi lítur að fellur í flokk þjóðvega eins og áður segir. Því er ljóst að hér er ekki um sambærileg mál að ræða.

Í máli nr. 125/2023 var meðal annars kærð sú ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík að leggja á kæranda 150.000 kr. dagsektir fyrir hvern þann dag sem ekki væri orðið við kröfum byggingarfulltrúa um fjarlægja skilti á vegg hússins að Lág múla 6-8. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu í því máli hafna meðal annars kröfu kæranda um ógildinu ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík að leggja á 150.000 kr. dagsektir vegna skiltisins. Hér er um mjög sambærilegt mál að ræða og það sem deilt er um hér og á því málatilbúnaður kæranda þess efnis að ekki hafi verið lagðar á jafn háar dagsektir og í þessu máli, ekki við rök að styðjast,



Andmælaréttur

Ljóst er að kæranda var veittur kostur á að koma að andmælum með bréfi byggingarfulltrúa frá 8. mars. 2024. Kærandi kom að andmælum þann 8. apríl 2024. Ekki verður annað séð en að öll sjónarmið kæranda í málinu liggi fyrir, jafnframt þykir rétt að benda á að kærandi hafði þess kost á að óska eftir rökstuðningi sbr. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 eins og áður er getið. Af því sögðu er ljóst að undantekningar frá andmælarétti eigi við en þær koma fram í 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 en þar segir:

Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft.

Jafnframt þykir rétt að benda á það að í grein 2.9.2. í byggingarreglugerð nr. 112/2012 er fjallað um aðgerðir til að knýja fram úrbætur. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur sett fram leiðbeiningar um framkvæmd greinarinnar en í kafla 3.5. í leiðbeiningunum er fjallað um álagningu dagsekta. Þar segir:

Þegar byggingarfulltrúa hafa borist sjónarmið eiganda, eða að liðnum þeim fresti sem veittur var til andmæla, fer byggingarfulltrúi yfir málið og tekur endanlega ákvörðun um hvort lagðar skuli á dagsektir. Eiganda er tilkynnt niðurstaða málsins skriflega

Af framansögðu er ljóst að ekki var þörf á að veita andmælarétt við töku ákvörðunar um álagningu dagsekta þar sem slíkt hafði verið gert áður og kærandi hafði þess kost á að koma að andmælum þá. Jafnframt skal bent á það að álagning dagsekta er ákvörðun sem byggir á fyrri ákvörðun byggingarfulltrúa og því sömu sjónarmið höfð til hliðsjónar.

Réttaráhrif kærðrar ákvörðunar

Í 1. máls. 1. mgr. 5. gr. laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindarmála nr. 130/2011 segir kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar, í 3. mgr. sömu greinar segir jafnframt að sé um að ræða ákvörðun sem ekki felur í sér heimild til framkvæmda getur úrskurðarnefndin með sömu skilmálum frestað réttaráhrifum hennar komi fram krafa um það af hálfu kæranda. Í kæru kæranda kom ekki fram slík krafa.

Í 29. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 er fjallað um réttaráhrif kærðrar ákvörðunar, en í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að stjórnslukæra fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Í frumvarpi sem varð að stjórnslulögum nr. 37/1993 kemur fram í athugasemdum um 29. gr. að ákvæði í sérlögum, þar sem mælt er svo fyrir að kæra fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar, ganga frammar ákvæðum 2. mgr. sbr. 3. mgr.

Af framan sögðu er ljóst að kæra þessi fresti ekki réttaráhrifum álagðra dagsekta þar sem kærandi gerði ekki kröfu þess efnis í kæru sinni. Jafnframt skal á það



bent að kærandi eigi ekki að hagnast á ólögumætri háttsemi þar sem skorið var úr um réttmætti ákvörðunar byggingarfulltrúa um að gera kæranda að slökkva á, og fjarlægja skiltið að viðlögðum dagsektum með úrskurði nefndarinnar nr. 45/2024.

Niðurstaða

Af öllu framangreindu er ljóst að ekkert sé fram komið sem valdið getur ógildingu ákvörðunar byggingarfulltrúa um álagningu dagsekta. Reykjavíkurborg ítrekar kröfu sína um úrskurðarnefndin hafni öllum kröfum kæranda og að nefndin staðfesti álagningu dagsekta frá og með 16. október 2024.

Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru og í umsögn þessari er þess óskað að borgaryfirvöldum verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

Bjarki Freyr Arngrímsson,
lögfræðingur
Skrifstofa stjórnarsýslu og gæða

Fylgiskjöl

- 1: Bréf byggingarfulltrúa til kæranda frá 8. mars 2024
- 2: TP til fyrirsvarsmanns kæranda
- 3: Bréf byggingarfulltrúa til kæranda frá 15. október 2024